



## SPÆNSKIR FJÖLLISTAMENN OG ÍSLENSKIR OFURHUGAR Í HÁLOFTUNUM!

Listahátíð í Reykjavík hefst með krafti um helgina, og býður upp á glæsilega og spennandi sýningu á Austurvelli fyrir alla fjölskylduna laugardaginn 21. maí kl. 15.

Þar mun katalónski hópurinn La Fura dels Baus vera með fjölmörg lífleg atriði víða um Austurvöll, á jörðu niðri og í háloftunum. Hluti af sýningunni fer fram allt að fimmtíu metrum yfir höfðum áhorfenda, sem er töluvert hærra en byggingarnar við Austurvöll eru. Flugfyrirvöld munu breyta venjulegum flugleiðum yfir miðborginni vegna mikillar hæðar atriðanna.

Yfir sextíu íslenskir sjálfbóðaliðar; dansarar, sirkus- og íþróttafólk tekur þátt í sýningunni með hópnum. Færri komust að en vildu þegar Listahátíð auglýsti eftir hugdjörfum þátttakendum í verkefnið. Alls koma um eitt hundrað manns að framkvæmd sýningarinnar.

Atriðin munu sjást vel alls staðar á torginu og nánasta umhverfi og verða án efa mikið sjónarspil fyrir alla aldurshópa. **Sýningin verður aðeins flutt einu sinni, laugardaginn 21. maí, klukkan 15 á Austurvelli. Lengd er um 40 mínútur.**

**MEIRA UM LA FURA DELS BAUS**

**Kynntu þér dagskrána og tryggðu þér miða á [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)**



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival  
Lækjargata 3 | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík  
Sími: (+354) 561 2444 | Fax: (+354) 562 2350  
[www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) | [artfest@artfest.is](mailto:artfest@artfest.is)



Aðalsamstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík